

BORGARRÁÐ 11. apríl 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stöðu biðlista fyrir heimaþjónustu og hjúkrunarrými - R19040141

Flokkur fólks óskar eftir að fá nýjar upplýsingar um stöðu eldri borgara er varðar bið eftir heimaþjónustu og hjúkrunarrýmum? Staðan í desember 2018 var sú samkvæmt velferðarsviði að 53 einstaklingar lágu á bráðadeildum LSH vegna skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu en höfuðborgarsvæðið myndar eitt heilbrigðisumdæmi, 67 einstaklingar biðu á biðdeildum sem LSH rekur. Á annan tug biðu eftir heimahjúkrun. Borgarfulltru er ósáttur við að tillagan um Hagsmunafulltrúa eldri borgara var hafnað. Öldungaráð Reykjavíkur veitti umsögn þar sem segir „að nú þegar sé verið að fjalla um þessi mál auk þess sem starfandi sé umboðsmaður borgarbúa sem fer meðal annars með málefni eldri borgara og taldi ekki þörf á stofnun sérstaks hagsmunafulltrúa í Reykjavík fyrir aldraða“. Engu að síður berast fréttir af eldri borgurum í neyð. Tillagan um hagsmunafulltrúann fól í sér að hann myndi skoða málefni eldri borgara ofan í kjölinn, halda utan um hagsmuni þeirra og fylgjast með aðhlyningu og aðbúnaði. Hagsmunafulltrúinn átti að kortleggja stöðuna í heimahjúkrun, dægradvöl og að heimaþjónusta fyrir aldraða. Sá „þjónustufulltrúi“ sem meirihlutinn leggur til að verði ráðinn kemur ekki í staðinn fyrir „Hagsmunafulltrúa“ Flokks fólksins enda sinnir sá fyrirnefndi aðeins upplýsingamiðlun.